



Borgarráð

Langholtsvegur 70, Sunnutorg - lok á núgildandi leigusamningi og auglýsa húsnæðið aftur til leigu með nýjum skilmálum.

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga til uppgjors við núverandi leigutaka Langholtsvegur 70 og auglýsa húsnæðið aftur til leigu með nýjum skilmálum.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 14. september 2017 samþykkti borgarráð að auglýsa húsnæði að Langholtsvegi 70, Sunnutorg, til leigu. Auglýst var eftir hugmyndum að starfsemi í Sunnutorgi að Langholtsvegi 70 í september 2017. Við val á starfsemi var miðað við að húsið gæði hverfið meira lífi og fjölbreytni. Vætanlegum leigutakar áttu að leggja fram hugmyndir að starfsemi, útliti og umhverfi en húsið hafði mikið látið á sjá síðustu ár. Alls skiluðu 5 aðilar inn hugmyndum og mat þriggja manna dómnefnd hugmynd Helga S. Helgassonar besta en þar er gert ráð fyrir að lagfæra húsið og vernda upprunalegt útlit. Á fundi borgarráð þann 26. apríl 2018 samþykkti borgarráð leigusamning við Los Pollos ehf. þar sem leiga var ákveðin 120.000 kr. á mánuði. Á fundi borgarráðs þann 28. mars sl. samþykkti borgarráð viðauka við leigusamninginn þar leigutímabili var breytt og leigugreiðslur frá 1. maí 2018 til 31. desember 2019 voru felldar niður. Var það gert til að koma til móts við leigutaka þar sem fyrirhugaðar endurbætur voru áætlaðar umfangsmeiri en gert var ráð fyrir.

Nú er ljóst að húsnæðið er í mun verra ástandi en áður var talið og því nauðsynlegt að hefja ferlið að nýju, m.a. til að gæta að innkaupareglum Reykjavíkurborgar og lögum um opinber innkaup. Þá er ljóst að núverandi leigutaki hefur lagt í kostnað, m.a. vegna hönnunar, og er því óskað eftir heimild borgarráðs til að semja við félagið um lok leigusamningsins og uppgjör vegna hans.

Langholtsvegur 70, Sunnutorg, er 57 m² verslunarhúsnæði sem byggt var árið 1959 og teiknað af Sigvalda Thordarson. Í húsnæðinu var rekin sjoppa í nær 60 ár. Húsnæðið er hannað líkt og stórt strætisvagnaskýli og var biðstöð strætisvagna staðsett við húsið og þarna áttu farþegar afdrep. Eftir að framkvæmdir hófust kom í ljós að húsnæðið var í mun verra ástandi en gert var ráð fyrir og forsendur leigusamnings því brostnar. Gert verði ráð fyrir að vætanlegur leigutaki endurbyggi húsnæðið í sem næst upprunalegu útliti. Skipuð verður dómnefnd sem mun fara yfir þær hugmyndir sem berast.

Óli Jón Hertervig